

**Ráðherra, alþingismenn,
ágætu aðalfundarfulltrúar og gestir!**

Viðburðarríku aðalfundarári, því 34. í sögu Landssambands smábátæigenda, er lokið. Umhverfið er síbreytilegt, skiptast á skin og skúrir. Bjarmarnir hafa verið okkur sterkari þetta árið þó blásið hafi á móti af og til.

Veiðigjöldin voru aðalmálið fyrir réttu ári og fram til síðustu áramóta. LS hafði bjartar vonir um að þau yrðu leiðrétt hjá litlum og meðalstórum útgerðum og þrepaskiptingu gjaldsins yrði komið á þar sem minnstu útgerðirnar fengju mestan afslátt, sem drægi úr eftir því sem útgerðir yrðu stærri. Það kom því á óvart þegar frumvarp ráðherra leit dagsins ljós. Hann hafði ekki tekið tillit til lítilla og meðalstórra útgerða eins og bókun atvinnuveganefndar vorið 2018 hafði talið nauðsynlegt. Engin leiðrétting aftur í tímann þrátt fyrir að óumdeilt væri að afkoma minni útgerða hafi gefið tilefni til þess. Afsláttarprósentan var óbreytt 20% af reiknuðu veiðigjaldi 4,5 milljónir og lægra og 15% að mismun þar fyrir ofan að níu milljónum. Skilaboðin voru skýr, veiðigjöld skyldu ekki notuð til að draga úr ójöfnuði milli útgerðarflokka og sporna gegn samþjöppun. Smábátæigendur litu svo á að hjarta ráðherra væri ekki búið að ná takti við tillögur þeirra.

LS ákvað að láta einskis ófreistað um að ná breytingum á frumvarpi ráðherra. Félagið beitti sér af öllu afli og fann brátt að sjónarmið þess um aukinn afslátt til lítilla og meðalstórra útgerða höfðu góðan hljómgrunn hjá öllum sem rætt var við í atvinnuveganefnd. Ákveðið var að leggja höfuðáherslu á þann þátt en bíða með síðari kröfuna að veiðigjald sem lagt væri á smábáta yrði miðað við afkomu þeirra en ekki stórútgerðarinnar, þó vissulega að það væri alltaf með í umræðunni. Enda voru skilaboð aðalfundar skýr: „berjast með kjaftri og klóm fyrir stórfellri lækkun veiðigjalda.“ Áskorun aðalfundar til Alþingis að hækka frítekjumark í 40% af veiðigjaldi að 5 milljónum og 20% af næstu 5 milljónum kr.

Það er því einkar ánægjulegt að tilkynna ykkur kærur félagsmenn að hlustað var á samþykkt ykkar frá fyrra ári. Niðurstaðan varð ekki langt frá skilaboðum sem gefin voru. Afsláttur hækkaður úr 20% í 40% á reiknað gjald lægra en 6 milljónir. Lauslegir útreikningar sýna að í stað 110 milljóna sem eigendur strandveiðibáta hefðu greitt að óbreyttu greiddu þeir 82. Breytingin bætti afkomu þeirra um 28 milljónir. Sama er hægt að segja um krókaflamarksbáta. Frá áramótum til 13. október hafa 810 krókaflamarksbátar fiskað 45 þúsund tonn af þorski. Þegar þorskafli strandveiða hjá krókaflamarksbátum hefur verið dreginn frá nemur þorskafli þeirra 37 þúsund tonnum. Þeir hefðu samkvæmt frumvarpi ráðherra átt að greiða 427 milljónir en greiða þess í stað 352 milljónir, breytingin færði

þeim 74 milljónir. Afkomubati smábátæigenda vegna breytinga á afslætti úr 20% í 40% nemur í þessum tveimur þáttum 103 milljónum.

Auk þessa ákvað Alþingi að ekki skyldi greitt veiðigjald af grásleppu sem gæti hafa numið um 37 milljónum.

Það er mín skoðun, eftir að hafa rýnt í málflytning Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi um veiðigjöld, að Landssamband smábátæigenda á litla samleið með þeim félagasamtökum. Smábátæigendur eiga að skerpa línur sem skilja milli þeirra og stórútgæðarinnar í einstökum málum. Með aðilum sem leggjast gegn breytingum okkur til handa. Aðilum sem sögðu veiðigjöldin bitna harðast á litlum og meðalstórum útgæðum og lemja svo á þeim þegar tillaga að breytingu er komin á blað. Í þessu máli áttu orð og athafnir ekki samleið.

Tillaga SFS: Lagt er til að felldur verði brott 3. tl. í breytingatillögu meirihluta atvinnuveganefndar við frumvarp til laga um veiðigjald. Þá hefur SFS í fyrri umsögn lagt til að 8. gr. frumvarps til laga um veiðigjald verði felld brott.

Að þessu sögðu er það gremjulegt að allir eigendur krókaafلامarksbáta skuli ekki vera innan Landssambands smábátæigenda. Það vantaði aðeins örlítið upp á að geta náð enn betri árangri í lækkun á veiðigjaldi og leiðréttingu aftur í tíma. Þar munaði vissulega um að við vorum ekki allir í sama hóp.

Næsta verkefni varðandi veiðigjöld er að fá stjórnvöld til að viðurkenna enn frekari afslátt til smærri útgæða, einkum þar sem óheimilt er að

nota önnur veiðafæri en línu og handfæri. Það eitt segir okkur að upphæðin á ekki að vera jafnhá og hjá stærri skipum í aflamarki.

Sambjöppun í útgerð hefur verið gríðarleg á undanförunum árum.

Fiskistofu hefur ekki tekist að sýna fram á að tengsl séu milli hjóna, né þegar sami aðili gegni stjórnarformennsku eins fyrirtækis og er forstjóri annars að það leiði til að ákvæði um hámarkshlutdeild hafi verið brotin.

Ákvæðið er svohljóðandi: „*samanlögð aflahlutdeild fiskiskipa í eigu einstakra aðila, einstaklinga eða lögaðila, eða í eigu tengdra aðila,*“

Ef hægja á á sambjöppun er einn liður í því að taka viðkomandi lagaákvæði til endurskoðunar. Kveða skýrt á um tengsl.


Einnig ættu aðilar að íhuga hvort ekki eigi að taka fleiri tegundir inn á þennan lista, ég nefni hér: makríl, kolmunna, norsk-íslenska síld og steinbít.

Þannig að þið tilheyrendur góðir fáið nasasjón af því sem er að gerast er rétt að líta á lista Fiskistofu yfir þá 100 aðila sem hafa yfir að ráða mestum aflaheimildum í þorskígildum talið. Ég ákvað í skoðun minni að halda mig við 5 stærstu í hverri tegund og þorskígildum.


Taflan sýnir samanlagða hlutdeild á fiskveiðiárinu hjá þeim 5 fyrirtækjum sem eru efst í ígildum og einstaka tegundum. Nafn fyrirtækis sem hefur hæstu hlutdeildina og prósentu þar við og hámark sem einn aðili má ráða yfir. Í tegundum sem eru stjörnumerktar er ekki kveðið á um hámarkshlutdeild. (sjá einnig glærur)

Þorskígildi	33%	Brim	10,4%	12%
Þorskur	30%	Samherji	7,8%	12%
Ýsa	29%	Brim	6,9%	20%
Ufsi	43%	Brim	17,5%	20%
Gullkarfi	59%	Brim	24,1%	35%
Djúpkarfi	69%	Brim	24,2%	35%
Grálúða	59%	Útg fél R	20,0%	20%
Langa	50%	Vísir	17,7%	
Blálanga	63%	Vísir	28,0%	
Keila	77%	Vísir	46,6%	
Síld	71%	Skinney	19,0%	20%
Loðna	74%	Ísfélagið	20,0%	20%
Kolmunni	82%	Síldarv.	25,2%	
Makríll	63%	Vinnslust.	15,6%	
Norsk ísl. síld	74%	Ísfélagið	20,2%	


Aflahlutdeild 5 stærstu útgerðarfyrirtækjanna




Aflahlutdeild 5 stærstu útgerðarfyrirtækjanna




Aflahlutdeild 5 stærstu útgerðarfyrirtækjanna



Aflahlutdeild 5 stærstu útgerðarfyrirtækjanna




Aflahlutdeild 5 stærstu útgerðarfyrirtækjanna




Í krókaflamarki gildir ákvæði um hámarksaflahlutdeild um þorskígildi og tvær tegundir, þorsk og ýsu. Þar lítur listinn þannig út þegar 10 efstu eru skoðaðir.

Þorskígildi	37,0%	Grunnur	4,5%	5,0%
Þorskur	37,9%	5 efstu	4,0%	4,0%
Ýsa	41,5%	Einhamar	5,0%	5,0%
		Stakkavík	5,0%	


Aflahlutdeild 10 stærstu í krókaafلامarki



Aflahlutdeild 10 stærstu í krókaafلامarki



Næsta mynd sýnir þróunina sem hefur verið í krókaafلامarkinu í samantlagðri hlutdeild þorskígilda hjá 50 stærstu bátunum.



Þegar jafn fáir sem raun ber vitni eru með megin þorra aflaheimilda er vart hægt að álykta annað en það séu orðin tóm þegar stjórnvöld lýsa áhyggjum sínum yfir samþjöppun veiðiheimilda.


Þegar Alþingi ákvað árið 2013 að færa stærðarmörk krókaafلامarksbáta upp að 30 tonnum þá benti LS á hvað mundi gerast. Með birtingu töflunnar hér að ofan er það orðin staðreynd, þær 10 útgerðir sem fá hæstu úthlutun eru t.d. með 41,5% af allri ýsu sem krókakerfið hefur yfir að ráða.

Að óbreyttu mun þessi þróun halda áfram að enn færri hafi yfir að ráða megin þorra veiðiheimildanna. Eins og í aflamarkskerfinu hafa smærri

útgerðir ekki sama aðgang að fjármagni og stórútgerðin. Þá eru lánakjör ólík, lán til þeirra smærri á þrefalt hærri vöxtum á meðan stórútgerðin fjármagnar sig erlendis á vöxtum í kringum núllið og sala afurða tryggir þá gegn öllum sveiflum á gengi.

En þarna er ekki öll sagan sögð, því þó pengingarnir séu fyrir hendi til kvótakaupa, og viðkomandi tilbúinn að greiða uppsett verð, kemur nú í seinni tíð ávallt hærra tilboð frá stórútgerðinni. Af þessum sökum og mörgum öðrum verður hið opinbera að marka okkur skýra stefnu í öllum gjaldtökum sem tekur tillit til þessara aðstæðna, sem þó eru langt í frá að vera upptaldar.

Fækkun krókaflamarksbáta með aflahlutdeild



Þegar sóknardagakerfið gekk inn í krókaafلامarkið 2004/2005 var fjöldi báta 715, nú 15 árum síðar er fjöldi þeirra aðeins 30%, kominn niður í 220, hefur fækkað um 495 báta.

Þann 25. september var opnuð sjávarútvegssýning hér í Reykjavík. Framlag Landssambands smábátæigenda til hennar var að tilnefna trillukarl ársins 2019. Vegsemdina hlaut Jón Ingvar Hilmarsson frá Djúpavogi.

Jón Ingvar hefur róið á strandveiðum sl. átta ár og verið með aflahæstu mönnum. Jón Ingvar lauk nýliðnu strandveiðitímabili með aflameti – 52,4 tonn. Afrekið er þeim mun glæstara þegar horft er til þess að bátur hans Birta SU-36 er aðeins rúmar 4 brúttórúmllestir.

Jón Ingvar er fjögurra barna faðir borinn og barnfæddur á Djúpavogi. Sjómaður í húð og hár, þessi dæmigerði trillukarl sem fór fyrst á sjó með föður sínum þar sem afinn var að ljúka sinni sjósókn.

Þegar aldur leyfði fór hann nokkra túra á togara. En smábátáútgærðin togaði fast í hann sem hann hefur helgað sig sinn sjómannsferil.


Utan strandveiða rær Jón Ingvar með föður sínum á Tjálfa SU sem gerður er út á net og snurvoð.

Til hamingju Jón Ingvar.




Jón Ingvar Hilmarsson

Strandveiðar hafa vaxið með ári hverju. Í upphafi og nokkur tímabil þar á eftir fór mikil vinna í að sannfæra stjórnámamenn um að hér væri komið á kerfi sem byggja ætti á til framtíðar. Þegar því verkefni lauk var farið í að skoða hvernig væri hægt að jafna aðstöðumun milli svæða þannig að allir fengju jafnmarga daga – að lágmarki 12. Því miður varð smá brotlending í lok þeirrar vinnu þar sem sjávarútvegsráðherra gerði kröfu um að heimilt yrði að stöðva veiðar þegar aflaviðmiðun yrði náð. Til að sporna við slíku hefur afli til strandveiða verið aukinn og er nú svo komið að engin hættu er á að grípa þurfi til þessa óyndis úrræðis.



Strandveiðar hafa komið sér mjög vel fyrir hinar dreifðu byggðir allt í kringum landið og fiskkaupendur geta gengið að 10 þús. tonnum af ferskum fiski yfir allt sumarið, mest megnis þorski. Hundruðir sjómanna og smábáta hafa fengið verkefni sem á síðasta sumri gaf ágætlega í aðra hönd. Strandveiðarnar verðum við að efla enn frekar. Strandveiðar eru öflug byggðastefna og því réttlætanlegt að hefja tilflutning á aflaheimildum almenns byggðakvóta sem ekki hefur verið nýttur af dagróðrabátum til strandveiða. Allt bendir til að veiðiheimildir til strandveiða á árinu 2020 verði nægar þegar tillit verður tekið til þeirra heimilda sem ekki nýttust sl. sumar. Það gefur okkur tækifæri til að gera veiðarnar hagkvæmari t.d. að lengja tímabilið, fjölga valdögum í hverjum mánuði og jafnvel að ná í tvo skammta á einum degi sem teljist þá 2 veiðidagar. Skapa rými fyrir enn fleiri smábátæigendur til að stunda strandveiðar.



Línuívilnun – LS þarf enn meiri stuðning til að efla línuveiðar og útgerð dagróðrabáta. Það kom á daginn að heimildir nýttust ekki að fullu á síðasta fiskveiðiári og því var það ekki sterkur leikur hjá ráðherra að styðja ekki sjónarmið LS, að fjölga þeim sem fá línuívilnun. Að þar séu undir allir dagróðrabátar minni en 30 brúttótonn jafnframt að hækka ívilnun í 30%.

Breyta þarf lögum til að kröfur LS verði að veruleika. Tækifærið er enn fyrir hendi og vona ég að aðalfundur samþykki tillögur sem liggja fyrir fundinum um þrjú prósentustig ívilnunar 30, 20 og 10.

Vantar stuðning, sagði ég hér áðan. Já – þó ég vanmeti aldrei aflið sem býr í Landssambandi smábátæigenda – í ykkur félagar góðir - þá er nauðsynlegt þegar breyta þarf lögum um stjórn fiskveiða að enginn

sem kemur til með að njóta breytinganna andmæli. Allir verða að tala sömu röddu til að tryggja að árangur náist.

Það sýndi sig vel í viðræðum um nýjan kjarasamning um beitningu að félögin LS og SSÚ eiga auðvelt með að vinna saman. Gengið var frá samningi þar sem fulltrúar beggja rituðu nöfn sín undir við Starfsgreinasambandið sem mannaði sínar stöður með verkalyðsleiðtogum úr Grindavík, Sandgerði, Snæfellsnesi, Bolungarvík og Ísafirði. Má í þessu segja að um tímamót hafi orðið þegar fyrsta samstarfið er staðreynd.


Þó verkalyðshreyfingin hafi ekki í þessari lotu lýst stuðningi við línuívilnun þá á LS eftir að láta reyna á það aftur og vonandi að þeim snúist hugur, ekki síst þegar störf fjölmargra umbjóðenda þeirra er í húfi.

Það er eins með línuívilnun og strandveiðar að ekki náðist að nýta útgefnar heimildir að fullu. Það eru því nægar heimildir inni í kerfinu til að standa undir framansagðri breytingu.


Hér sjáið þið hvernig þróun undanfarinna ára hefur verið. Henni þurfum við að snúa við.



Fjöldi byggðarlaga með línuvilkun



Fjöldi báta með línuvilkun



Ýsa – fyrirsjáanlegur er skortur á heimildum í ýsu á yfirstandandi fiskveiðiári. Veiðiheimildir í krókaafلامarki eru nú þriðjungi lægri en í fyrra, eða sem nemur 3.000 tonnum.

Vandræðin eru strax farin að gera vart við sig, útgerð á Snæfellsnesi hefur stöðvast og sagt upp öllu starfsfólki sínu. Enga ýsu að fá á leigumarkaðinum.

Samkvæmt skýrslu Hafrannsóknastofnunar hefði mátt búast við að minna yrði af ýsu á miðunum í ár en í fyrra. Þetta er hins vegar þveröfugt farið, það sýna aflatölur, þrátt fyrir að allir séu að forðast hana við þorskveiðar. Neitar að vera meðafli, allt að 70% afla línubáta í Breiðafirði og Húnaflóa er ýsa.

Á fyrstu 40 dögum fiskveiðiársins var staðan þessi:

	Aflaheimild	Afli t.m. 10.okt	Nú þegar nýtt
2019/2020	7.255	1.632	22%
2018/2019	10.856	1.424	13%
Breyting	- 33%	15%	

Hafrannsóknastofnun lagði til að heildarafli færi ekki umfram 41.823 tonn á yfirstandandi fiskveiðiári. Ráðherra fór í einu og öllu eftir tillögu stofnunarinnar. LS telur að ef fram heldur sem horfir að illa gangi að veiða þorsk en ýsa flæðir yfir, verði ráðherra að endurskoða tillögu sína um leyfðan hámarksafla. Niðurstaða haustralls mun jafnvel gefa honum tækifæri.

Þó ýsa sé nú í auknum mæli fyrir norðan er ekki sá munur á sjávarhita þar og var fyrir 10 árum við suðurströndina. Vaxtakraði er því síst minni nú, enda sjómenn forviða hversu hún hefur bætt við sig á einu ári.

Axel Helgason okkar frábæri formaður síðastliðin þrjú ár hefur ákveðið að gefa ekki kost á sér aftur. Frá fyrsta degi hefur Axel vaxið í starfi og er ekkert lát á. Hann hefur hins vegar ákveðið að nú sé nóg komið. Samvisekusemi og dugnaður Axels er til fyrirmyndar, hreinskilni er umfram meðallag sem skilar vandaðri svörum frá viðmælendum sem annars hefði þurft að gruflla upp. Þeir verða að útskýra mál sitt og rökstyðja. Axel nýtur virðingar í starfi þar sem hann kemur málefnum vel frá sér á skiljanlegan hátt. Baráttan um lækkun og leiðréttingu veiðigjalds tók á, en þar var Axel á heimavelli, hann kynnti sér málin í þaula og var alltaf með svör á reiðum höndum.

Í grásleppunni má segja að hann hafi pakkað vísindasamfélaginu saman. Gróf upp skýrslur hér og þar um stofnstærð fugla- og selategunda og sýndi fram á að ekki stóð steinn yfir steini varðandi niðurstöður í skýrslu Hafrannsóknastofnunar um meðafla.

Í siglingaráði og umhverfisnefnd hefur hann einnig staðið vaktina.

Luroma – alþjóðlegur fundur um grásleppumál - hefur hann haft umsjón með og stjórnað svo eftir hefur verið tekið.

Smábátæigendur – við eigum eftir að sakna Axels sem formanns LS, en getum ornað okkur við að það eru traustar undirstöður sem eftir hann liggja.

Takk fyrir Axel.

Landssamband smábátæigenda á fullt í fangi með að sinna öllu sem sem ætlast er til af því. Vegna minnkandi tekna þurfti að skerða þjónustu sem þó hefur tekist að halda í horfinu, að undanskildri kerfisbundinni vinnu við að fjölga félagsmönnum. Þó þarf ekki að kvarta þar sem nýir félagar eru stöðugt að setja sig í samband til að ganga í LS. Auk öflugrar hagsmunagæslu um veiðirétt félagsmanna hefur tekist að ná ýmsu fram eins og framan er getið sem skilar sér beint í veskið.

Olíuútbóðið sem kom til framkvæmda 2015 hefur skilað þeim sem þar eru þátttakendur – kaupa olíu af Skeljungi – um 35 - 40 milljónum í sparnað. Auk þess keyrði útbóðið niður verð hjá þeim tveim olíufélögum sem vildu ekki taka þátt. Heildarsparnaður telur því í tugum milljóna.

Við endurnýjun sammingsins fyrir ári urðu m.a. þær breytingar að LS tekur til sín helming þóknunar.

Lífeyrissjóður

Á ársfundi sjóðsins í apríl vakti ég aftur máls á þeirri skoðun minni að stjórn sjóðsins yrði falið að óska viðræðum við lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins, verslunarmanna og Birtu um stofnun sameiginlegs stýrihóps sjóðanna um erlendar fjárfestingar. Viðbrögð voru ekki hástemmd.

Markmið þessa er að stíga fyrstu skref í átt til samvinnu fjögurra stærstu lífeyrissjóða landsins um erlendar fjárfestingar.

Á aðalfundarárinu hélt stjórn LS þrjá fundi.

Ég vil hér nota þetta tækifæri til að þakka stjórnarmönnum afar gott samstarf og samvinnu, jafnframt sem ég þakka þeim sem nú ganga úr stjórn sérstaklega Ólafi Hallgrímssyni og Steini Rögnvaldssyni og síðast en ekki síst eins og áður er fram komið Axel Helgasyni formanni. Ykkur þakka ég fyrir vel unnin störf í þágu smábátæigenda.

Félagsstarfsemi

Öll svæðisfélögin 15 héldu aðalfundi nú í haust. Mæting var þokkaleg, sums staðar mjög góð eins og hjá Kletti, Farsæl í Vestmannaeyjum og Ströndum. Öll félögin samþykktu tillögur til aðalfundarins sem nú bíða umfjöllunar. Nokkrar breytingar urðu í stjórnnum félaganna. Á fundunum ríkti mikil eindrægni og eru menn staðráðnir í að fylkja sér um LS hér eftir sem endranær.

Ég vil nota þetta tækifæri til að þakka fyrir fundina og góðar ábendingar sem þar komu fram.

Miðlun upplýsinga til félagsmanna og kynning á starfsemi LS

www.smabatar.is er mikið notað af félagsmönnum. Á tímabilinu milli aðalfunda hefur teljarinn á heimasíðunni hækkað um 133.875, það er 367 að meðaltali hvern dag ársins, sem er fækkun um 105 að meðaltali á dag frá

síðasta ári. Á móti kemur Vaðallinn (facebook) sem nýtur sífellt meiri vinsælda.

Á tímabilinu hafa verið birtar **143** fréttir á heimasíðunni, sem eru 38 færri en á síðasta 12 mánaða tímabili, sem er aðeins lægra en markmiðið sem er að hafa eina frétt á hverjum virkum degi.

Brimfaxi félagsblaðið okkar hefur að venju komið út tvisvar á tímabilinu, um áramót og við sjómannadag. Kann ég ritstjóranum Arthuri Bogasyni fv. formanni LS bestu þakkir fyrir.

Grásleppunefnd þakka ég góð störf í vandasömu verki á grásleppuvertíðinni.

Starfsfólk

Samstarfsfólki mínu á skrifstofu LS, Oddbjörgu og Axel formanni, þakka ég fyrir einstaklega vel unnin störf og gott samstarf á árinu og ekki síst alla þolinmæðina við allt umrötið.

Ágætu aðalfundarfulltrúar og gestir

Aðalfundur fær nú það vandasama hlutverk að marka braut næsta árs þar sem ég veit að vandað verður til allra verka. Mikið starf bíður fulltrúanna. Tillögurnar eru alls 116, 11 færri en í fyrra. Meðtalin er tillaga stjórnar LS til breytinga á samþykktum félagsins.

Aðalfundurinn verður nú pappírslaus sem var tekið upp árið 2012, allar tillögur fundarins afgreiddar á tjaldinu.

Ég mun eftir fremsta megni ganga á milli nefndanna og fylgjast með störfum hér á fundinum og svara fyrirspurnum og verða mönnum innan handar.

Aðalfundarfulltrúar verið velkomnir til 35. aðalfundar Landssambands smábátæigenda. Megum við eiga kröftugan og góðan fund.

Ávarpi mínu lík ég með sama hætti og sl 3 ár, að vitna til aðila úr stjórnarsýslunni sem sendi mér tölvupóst á 30 ára afmæli LS árið 2015:

„Það er afdráttarlaus skoðun mín að LS hafi með starfi sínu valdið straumhvörfum, félagsmönnum sínum og íslenskum sjávarútvegi, til mikilla heilla.“

Takk fyrir